

Nd.

222. Frumvarp til laga

[121. mál]

um breyting á lögum nr. 78 28. apríl 1962, um lífeyrissjóð togarasjómannanna og undirmanna á farskipum.

Flm.: Pétur Sigurðsson.

1. gr.

Við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er félögum sjómanna að tryggja starfsmenn sína í sjóði þessum. Sömu leiðis er útgerð farskipa, varðskipa og togara heimilt að tryggja skipverja sína, þótt þeir séu eigi lögskráðir, ef þeir starfa við skip hennar, sem er í viðgerð, flokkunarviðgerð eða að öðrum störfum í þágu útgerðar.

Sjómönnum, sem stunda nám í sjómannafræðum, slasast eða veikjast, er heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið af þessum sökum, og ákveður stjórn sjóðsins iðgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrætt. Þvi fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Óhætt er að fullyrða, að með setningu laga um lífeyrissjóð togarasjómannanna árið 1956 hafi verið stigið eitt stærsta skrefið í félagslegum umbótum fyrir sjómenn. Enn náðist merkur áfangi í þessu máli árið 1962, er Alþingi breytti lögum þessum á þann veg, að undirmenn á farskipum, sem höfðu um nokkurt árabil haft samninga um lífeyrissjóðsgreiðslur útgerðanna, fengu aðild að lífeyrissjóði togarasjómannanna. Nefnist sjóðurinn eftir þessa breytingu Lífeyrissjóður togarasjómannanna og undirmanna á farskipum, og má fullyrða, að þessi breyting hafi orðið sjóðnum til styrktar og eflingar og þeim sjómönnum, sem hlut áttu að máli, til aukins öryggis. Hann mun nú vera annar stærsti lífeyrissjóður landsins, og eru eignir hans yfir 70 milljónir króna.

Ekki hefur enn náðst samkomulag um aðild annarra sjómanna en að framan getur að sjóði þessum, þótt nú megi eygja lausn þess vandamáls á næstu árum.

Á þeim árum, sem sjóðurinn hefur starfað, hafa komið í ljós nokkrir annmarkar, sem þessu frv., ef að lögum verður, er ætlað að ráða bót á.

Eins og lög nr. 78 frá 28. apríl 1962 hljóða nú, geta ekki aðrir sjómenn en þeir, sem lögskráðir eru á skip, átt aðild að sjóðnum. Er þetta mjög bagalegt fyrir félög og samtök sjómanna, sem af þessari ástæðu fá ekki til starfa fyrir sig sjómenn, sem aðild eiga að sjóðnum og vilja ekki tapa réttindum sínum þar.

Ekki er lögskráð á skip, meðan þau eru í lengri viðgerðum. Útgerðir telja þó oft og tíðum nauðsynlegt, að hluti skipverja vinni við skip, er svo stendur á, og virðist eðlilegt, að heimilt sé að halda við lífeyrissjóðsréttindum undir þeim kringumstæðum. Sömu leiðis getur útgerð þurft að fá skipverja til að vinna um stundarsakir í landi að útgerð skipsins, eða hann bíði eftir öðru skipi útgerðar, og virðist eðlilegt, að heimildin sé einnig fyrir hendi, er svo stendur á.

Enginn dregur í efa nauðsyn þess, að skipafloti okkar eigi alltaf á að skipa velmenntuðu og fullþjálfuðu starfsfólki í þær stöður á skipum okkar, er slíks krefjast. Þetta er ekki einungis til hagsbóta útgerðinni sjálfri heldur allri áhöfn, auk þess sem öryggi skips og áhafnar vex. Þess munu finnast dæmi, að sjómenn hafi hætt við að leita sér fræðslu í skóla eða á námskeiðum til undirbúnings starfi sínu á skipi vegna skerðingar á réttindum úr framangreindum lífeyrissjóði. Þegar svo er komið, virðist augljóst, að úrhóta er þörf. — Virðist eðlilegt, að heimildin gildi einnig fyrir þá sjómenn, sem veikjast eða slasast, meðan þeir eru í starfi sem sjómenn.“